

# RÚV

---

SKÝRSLA NEFNDAR UM STARFSEMI OG REKSTUR  
RÚV FRÁ 2007

29. OKTÓBER 2015

# Inngangur

- Ríkisútvarpinu var breytt í ohf. með lagasetningu 2007 til þess að aðskilja rekstur og fjárhag þess frá ríkissjóði.
- Frá stofnun Ríkisútvarpsins ohf. árið 2007 hefur RÚV glímt við fjárhagsvanda. Ríkissjóður hefur veitt aukafjárveitingar til RÚV. Stjórnendur RÚV hafa farið fram á að útvarpsgjald renni óskipt til RÚV, fallið sé frá frekari lækkun útvarpsgjaldi eins og núverandi lög gera ráð fyrir og stofnunin verði losuð undan mikilli skuldsetningu.
- Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði 7. maí 2015 nefnd til þess að greina þróun á starfsemi Ríkisútvarpsins ohf. frá stofnun félagsins 1. apríl 2007 og afla þar með skýringa á núverandi rekstrarstöðu. Nefndina skipa Eypór Laxdal Arnalds framkvæmdastjóri, formaður, Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti og Svanbjörn Thoroddsen hjá KPMG.
- Nefndin átti samstarf við stjórnendur RÚV við upplýsingaöflun vegna vinnunnar.
- Skýrsla þessi er samantekt frá nefndinni.

Nefndin hélt 20 fundi og aflaði gagna úr ýmsum áttum. Auk þess ræddi nefndin við eftirtalda aðila:

- Magnús Geir Þórðarson, útvarpsstjóri
- Anna Bjarney Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, fjármála og tæknisviðs RÚV
- Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri RÚV
- Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri sjónvarps
- Steinunn Þórhallsdóttir, verkefnastjóri, RÚV
- Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri
- Bjarni Kristjánsson, fyrrverandi fjármálastjóri RÚV
- Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri 365 Miðla
- Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri miðlunar og markaða Símans
- Gísli Magnússon, skrifstofustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Jón Vilberg Guðjónsson, skrifstofustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Þorgeir Ólafsson, upplýsingafulltrúi, mennta- og menningarmálaráðuneytið
- Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastóri Fjölmiðlanefndar

# EFNISYFIRLIT

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR
  2. REKSTUR OG STARFSEMI RÚV
  3. BREYTINGAR Í TÆKNI OG NEYTENDAHEGÐUN
  4. LAGAUMHVERFI OG EFTIRLIT
-

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

---

# Helstu niðurstöður (1/2)

**Rekstur RÚV ohf. frá stofnun félagsins árið 2007 hefur ekki verið sjálfbær. Gjöld hafa verið meiri en tekjur á tímabilinu í heild og hefur hallarekstur verið fjármagnaður með auknu ríkisframlagi, lántökum og frestun afborgana lána. Rekstrarvandi RÚV er fyrst og fremst á kostnaðarhliðinni.**

- Rekstrarkostnaður hefur verið að jafnaði 5,4 milljarðar á ári frá stofnun RÚV ohf. 2007 á föstu verðlagi. Á síðasta rekstrarári var heildarkostnaður 5,3 milljarðar króna. Að óbreyttu stefnir í hækkun kostnaðar á næsta ári.
- Taprekstur var á 4 af þeim 8 árum sem liðin eru frá stofnun RÚV ohf. Tap umfram hagnað samtals 813 m.kr.
- Einfaldur samanburður talna við hluta sjónvarps- og útvarpsrekstrar 365 Miðla sýnir að rekstrarkostnaður RÚV er mun hærri.
- Innheimt útvarpsgjald hefur ekki runnið óskipt til RÚV, en mun gera það frá 1. janúar 2016 í fyrsta sinn frá stofnun RÚV ohf.
- Heildartekjur á íbúa eru talsvert umfram meðaltal systurstofnana.
- Árið 2013 var 4 milljarða króna skuldbinding lögð á RÚV með 15 ára samningi við Vodafone um stafrænt dreifikerfi með takmarkaða möguleika.
- Mikil fjárbinding er í stóru og óhentugu húsnæði.
- Áætlanir RÚV, sem unnið er eftir, gera ráð fyrir hærra útvarpsgjaldi en er í fjárlagafrumvarpi, LSR lán hverfi úr efnahag og sölu byggingaréttar. Gangi þessar forsendur ekki allar eftir er reksturinn hins vegar ósjálfbær.

## Helstu niðurstöður (2/2)

**Frá stofnun RÚV ohf. hefur skuldsetning félagsins verið mikil. Á árunum 2012-2014 jukust vaxtaberandi skuldir RÚV hlutfallslega mest, eða um eina og hálf milljón króna á dag að jafnaði.**

- Nýverið tilkynnti RÚV um sölu, með ákveðnum fyrirvörum, á byggingarétti fyrir 1,5 ma.kr. sem gert er ráð fyrir að gangi til lækkunar skulda.
- Fjármagnsgjöld RÚV hafa undanfarin ár verið um 6% af heildargjöldum.
- Miklar breytingar eru í neytendahegðun, sem koma fram í miklum samdrætti í áhorfi á hefðbundna sjónvarpsdagskrá, sérstaklega hjá ungu fólki. Mikilvægt er að endurskoða þjónustuhlutverk RÚV í ljósi þessarar þróunar.
- Mikilvægt er að gerður verði nýr þjónustusamningur í samræmi við lög nr. 23/2013 og í honum verði skilgreind sú þjónusta sem RÚV ber að sinna og hvaða fjármunir eigi að koma fyrir þá þjónustu út samningstímann.
- Með nýjum þjónustusamningi fæst tækifæri til þess að ramma betur inn hlutverk, skyldur og forgangsörðun RÚV.
- Lögbundið eftirlit fjölmiðlanefndar og Ríkisendurskoðanda ekki virkt vegna þess að nýr þjónustusamningur hefur ekki verið gerður.

# Nokkur álitamál

## Að mati nefndarinnar standa eftir nokkur mikilvæg álitamál:

- Er ohf. rekstrarformið heppilegt fyrir starfsemi RÚV þar sem reynslan sýnir að félagið er ekki rekið með takmarkaðri ábyrgð þegar ávallt er gert ráð fyrir að ríkissjóður rétti af fjárhag félagsins?
- Stjórnvöld hefðu getað lokið ljósleiðaravæðingu landsins fyrir sömu fjárhæð og fjárhæð Vodafone samningsins.
- Á RÚV að vera á auglýsingamarkaði?
- Er RÚV best til þess fallið að ná fram markmiðum ríkisins sem snúa að íslenskri menningu, tungu og lýðræðisumræðu?
- Innan við 60% af heildargjöldum RÚV fer í beinan kostnað við innlenda dagskrá.
- Er hægt að fá betri nýtingu á fjárveitingar ríkissjóðs?

# REKSTUR OG STARFSEMI RÚV

TEKJUR, HELSTU KOSTNAÐARÞÆTTIR OG SKULDIR


---




# Tekjur RÚV og annarra ríkisfjölmiðla

- RÚV hefur tekjur af útvarpsgjaldi sem er nefskattur sem leggst á einstaklinga og lögaðila. Útvarpsgjaldið hefur þó ekki runnið óskipt til RÚV frá stofnun félagsins, en mun gera það frá 1. janúar 2016.
- RÚV er heimilt að selja auglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en þó ekki á vefnum. Blanda ríkisframlags og tekna af auglýsingum er algengt fyrirkomulag fjármögnunar hjá almannþjónustumiðlum í Evrópu.
- Í greinargerð með lögum um Ríkisútvarpið var einkum horft til systurstofnana í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Bretlandi. Þessar stofnanir hafa mjög takmarkaðar tekjur af auglýsingum.
- Til að víkka út viðmiðunarhópin er kanadíska og írská ríkisútvarpinu bætt við samanburðinn þar sem þessar stofnanir eru á auglýsingamarkaði eins og RÚV.
- Til að bera saman tekjur systurstofnana er varasamt að bera saman útvarpsgjald eða afnotagjald þar sem reglur um slíkt eru afar mismunandi. Sum ríki innheimta gjald af hverju heimili, sum hafa afslætti fyrir ýmsa hópa.
- **Á næstu síðu er gerður samanburður á tekjustofnum systurstofnana Ríkisútvarpsins með því að bera saman heildartekjur á íbúa.**
- Ennfremur er gerður samanburður þar sem leiðrétt er miðað við þjóðartekjur á mann.

Skipting rekstrartekna árið 2014




Ríkisframlag til RÚV og innheimt útvarpsgjald 2007-2014




# Heildartekjur á íbúa hærri hjá RÚV en í flestum samanburðarlöndum

## Tekjur ríkisfjölmiða á íbúa



## Tekjur ríkisfjölmiðla á íbúa (m.v. þjóðarframleiðslu GDP UN Statistics)




Heimild: ársreikningar stofnananna. BBC world service undanskilin. Gengi m.v. 01.09.15

## Samanburður


- Norska ríkisútvarpið NRK hefur svipaðar heildartekjur á íbúa og RÚV, en aðrar lægri.
- RÚV er með um 25% hærri heildartekjur á íbúa en meðaltal samanburðarlönda.
- Ef tölurnar eru leiðréttar miðað við þjóðarframleiðslu eru heildartekjur NKR mun lægri en RÚV, en BBC svipaðar.

## Heildartekjur í milljörðum króna




# Aukaframlög úr ríkissjóði fyrir um 2 ma.kr á árunum 2007 - 2009

## Ríkisframlög til RÚV 2008-2015 á föstu verðlagi



## Eiginfjárlutfall RÚV 31.8 ár hvert

Heimild: Fjárlög og ríkisreikningur



## Ríkisframlög

- Reglubundin rekstrarframlög til RÚV hafa verið á bilinu 3,3- 4,3 ma.kr. á árunum 2007-2015 á föstu verðlagi
- **Til viðbótar voru aukaframlög u.þ.b. 2 ma.kr. 2007 til 2009.**
- Árið 2009 var afskrifaður 563 m.kr. hlutur ríkisins sem var færður til gjalda hjá ríkissjóði. Á móti jók ríkið eigið fé RÚV um sömu fjárhæð með því að breyta uppsafnaðri skuld RÚV við ríkið í hlutafé.
- Auk þess þurfti árið 2009 jafnframt að leggja félaginu til aukafjárveitingu, sem var 716 m.kr. á verðlagi 2015, þar sem eigið fé var aftur uppurið sökum rekstrarvanda.
- Á tímabilinu 2007-2014 var framlag til RÚV samtals um 2,9 ma.kr. lægri fjárhæð en innheimt útvarpsgjald m.v. verðlag 2015.

## Eiginfjárlutfall

- Eigið fé RÚV var ákvarðað 15% við stofnun félagsins 2007. Frá þeim tíma hefur það lækkað vegna taprekstrar og aukinnar skuldsetningar og er nú 5,9%. Við sölu byggingaréttar og lækkunar skulda í kjölfarið má reikna með að eiginfjárlutfallið hækki í um 16%.

# Mikil skuldsetning og dýr fjármögnun þrátt fyrir ríkisábyrgð

- Frá stofnun RÚV ohf. hefur félagið glímt við mikla skuldsetningu.
- Í minnisblaði sem PWC vann fyrir RÚV í júlí 2014 kemur m.a. eftirfarandi fram í niðurstöðum: „Félagið er yfirskuldsett og hefur ekki burði til þess að standa við skuldbindingar sínar..“
- Við stofnun RÚV ohf. árið 2007 tók félagið yfir skuldabréf við LSR sem var í stofnefnahagsreikningi 2,9 ma.kr. og stóð í lok síðasta reikningsárs í um 3,2 ma.kr.
  - Skuldabréfið er til komið áður en RÚV var breytt í ohf. og ber því ríkisábyrgð.
  - Skuldabréfið er til ársins 2025 og er ekki með uppgreiðsluheimild samkvæmt skilmálum þess.
  - Skuldabréfið er verðtryggt og ber fasta 5% vexti.
  - Vaxtakjör skuldabréfsins eru óhagstæð. Markaðsvextir skuldabréfa Íbúðalánasjóðs, sem jafnframt bera ríkisábyrgð, eru nú um 2,6%. RÚV er því að greiða um 77 m.kr. á ári í vexti umfram núverandi markaðsvexti láns með ríkisábyrgð.

## Skuldabréf LSR

- Ekki uppgreiðsluheimild.
- 5% fastir verðtryggðir vextir.
- RÚV greiðir 77 m.kr. á ári í vexti af láninu umfram markaðskjör.


## Fjármagnskostnaður

- **Fjármagnsgjöld RÚV hafa undanfarin ár verið um 6% af heildargjöldum.**

# Skuldir hafa aukist síðustu ár

- Við stofnun RÚV ohf. voru heildarskuldir tæplega 5 milljarðar króna. Allar götur síðan hafa stjórnir og stjórnendur RÚV bent á að skuldsetningin væri of mikil, en skuldir hafa haldið áfram að vaxa síðustu ár.
- RÚV hefur tilkynnt um sölu á byggingarétti, sem mun leiða til lækkunar skulda um a.m.k. 1,5 ma.kr.

Samsetning skulda 31.08. ár hvert, á verðlagi hvers árs



Heimild: Ársreikningar RÚV og stjórnendauppgjör 31.08.2015

## Skuldaaukning

- Skuldir RÚV lækkuðu árið 2009 einkum vegna aukaframlaga úr ríkissjóði.
- **Aukning vaxtaberandi skulda árin 2012-2014 var alls 1.100 m.kr., sem er um 1,5 m.kr. á dag.**
- Árið 2013 gerði RÚV samning við Vodafone um dreifingu, sem fól í sér skuldbindingu um 4 milljarða króna, sem ekki er á meðal skulda í efnahagsreikningi félagsins.
- Árið 2014-15 samdi RÚV við LSR um að fresta afborgunum og vöxtum af skuldabréfinu um 570 m.kr. Við frestun afborgana bætast vextir og verðbætur við lánið sem jafngilda lántöku um 215 m.kr.
- Í kjölfar sölu byggingaréttar er gert ráð fyrir að skuldir lækki um 1,5 ma.kr.


## Staða vaxtaberandi skulda

- Þann 31.08.2015 voru heildarskuldir 6,6 ma.kr. Þar af voru vaxtaberandi skuldir um 5 ma.kr. Að auki er innbyggð verðtryggð vaxtaberandi skuld í Vodafone samningnum 570 m.kr. Þannig eru vaxtaberandi skuldir alls um 5,6 ma.kr.

# Rekstrarkostnaður hefur verið að jafnaði 5,5 milljarðar á ári frá stofnun RÚV ohf.

- Mikil hagræðing átti sér stað hjá RÚV á rekstrarárinu 2008-9. Rekstrarkostnaður lækkaði á milli árunna 2007-8 og 2008-9 um 900 m.kr. miðað við fast verðlag. Hluti þeirrar hagræðingar var tímabundin lækkun launa, sem gekk til baka næstu ár.
- Rekstrarkostnaður hefur verið að jafnaði 5.456 frá stofnun RÚV ohf. 2007 á föstu verðlagi. Nýjasta stjórnendauppgjör sýnir lækkun kostnaðar um 4,7% á milli rekstraráranna 2013-14 og 2014-15. Að óbreyttu stefnir í hækkun kostnaðar á næsta ári.**

Rekstrarkostnaður á föstu verðlagi



Heimild: Ársreikningar RÚV stjórnendauppgjör 2014-15 og áætlun stjórnenda

## Helstu aðgerðir 2009:

- Minna keypt af erlendu og innlendu dagskrárefni.
- Fækkað í yfirstjórn og launakostnaður lækkaður.
- Sameining fréttastofa útvarps og sjónvarps auk íþróttadeildar í fréttasvið.

## Úr ársskýrslu 2009:

„Þrátt fyrir mikinn niðurskurð var dagskrárstarfið á öllum miðlum Ríkisútvarpsins blómlegt...“

## Lækkun kostnaðar rekstrarárið 2014-15

Sameiginlegur rekstrar og stjórnunarkostnaður lækkar mest, en dreifingar- og sölukostnaður hækkar.

### Lækkun kostnaðar á milli ára

	2013-14	2014-15	Breyting
Dagskrár- og framleiðslukostnaður	4.014	3.818	-5,2%
Dreifing- og sölukostnaður	533	624	14,5%
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	660	548	-20,4%
Afskriftir	324	292	-11,0%
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>5.532</b>	<b>5.282</b>	<b>-4,7%</b>

# Einfaldur tölulegur samanburður á rekstri útvarps og sjónvarps hjá 365 Miðlum og RÚV

- 365 Miðlar ehf. afhentu nefndinni tölulegar upplýsingar um rekstur sjónvarps og útvarps félagsins.
- Hjá 365 miðlum ná tölurnar yfir rekstur Stöðvar 2, Marabon, Bíórásarinnar og Bylgjunnar.
- Rekstur RÚV nær yfir allan rekstur RÚV, þ.m.t. Sjónvarp, Rás 1 og Rás 2 og ruv.is
- **Rekstrarkostnaðurinn er 1,8 ma.kr. lægri hjá 365 Miðlum en hjá RÚV. Við samanburðinn er rétt að hafa í huga þær skyldur sem hvíla á RÚV vegna almannaþjónustuhlutverks stofnunarinnar.**

Samanburður RÚV og sjónvarps- og útvarpsrekstrar 365 Miðla			
	RÚV	365 sjónvarp og útvarp	Mismunur
m.kr.	2013-14	2014	
<b>Tekjur</b>			
Ríkisframlag / áskriftartekjur	3.318	2.666	-652
Auglýsingatekjur	1.844	1.240	-604
Aðrar tekjur	238	35	-203
Tekjur alls	5.400	3.941	-1.459
<b>Gjöld</b>			
Dagskrár- og framleiðslukostnaður	3.929	2.010	-1.919
Dreifing- og sölukostnaður	522	401	-121
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	646	1.093	447
Afskriftir	317	73	-244
Rekstrargjöld alls	5.414	3.577	-1.837
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>-14</b>	<b>364</b>	<b>378</b>
<b>EBITDA</b>	<b>303</b>	<b>444</b>	<b>141</b>

Heimild: Ársskýrsla RÚV og upplýsingar frá 365 Miðlum

**365 sendir út fleiri stundir og lengri dagskrá, en lægra hlutfall af innlendu efni**

## Útsent sjónvarpsefni í klst. árið 2014

	RÚV	Miðlar
Innlent efni	1.948	1.681
Erlent efni	2.495	4.197
Meðal útsendingartími á dag	12,0	16,4

365 Miðlar innifela Stöð 2 og Stöð 3, en ekki efni á Stöð 2 Sport og Krakka- Gull- og Bíó-

Mun fleiri starfsmenn hjá RÚV

## Starfsmannafjöldi

	RÚV	Miðlar
Fjöldi stöðugilda við fréttir, fréttatengt efni og íþróttir	54	25
Fjöldi stöðugilda í heild	252	111

Starfsmannafjöldi 365 Miðla eru allir starfsmenn í útvarps- og sjónvarpsrekstri

RÚV notar mun fleiri fermetra undir starfsemi sína.

## Húsnæði

	RÚV	Miðlar
Fjöldi fermetra í heild	16.400	7.877
Fjöldi fermetra í notkun	13.900	6.050


RÚV hefur leigt frá sér 2.500 fermetra.

Húsnæði 365 miðla er fyrir alla starfsemi félagsins, þ.m.t. Fréttablaðið og Tal.

# Í hvað fara peningarnir

- Rekstrarárið 2013-14 voru heildartekjur RÚV 5.400 m.kr. og rekstrargjöld með fjármagnskostnaði voru mun hærri, eða 5.739 m.kr.
- Rekstrargjöldin skiptust eins og myndin að neðan sýnir.

Skipting rekstrargjalda RÚV 2013-14



Heimild: ársreikningur RÚV og fjármáladeild RÚV


\* sá hluti dreifikostnaðar sem er gjaldfærður, en jafnframt er um eignfærslu að ræða

## Bein útgjöld til innlestrar dagskrár

Um 46% af rekstrarkostnaði RÚV fór í bein útgjöld við fréttir, íþróttir og aðra innlenda dagskrá. Ef sameiginlegur dagskrárkostnaður er talinn með er 50-60% kostnaðar vegna innlestrar dagskrár.

- 1.198 m.kr. (21%) í fréttir og íþróttir
- 847 m.kr. (15%) í annað innlent sjónvarpsefni
- 554 m.kr. (10%) í annað útvarpsefni

Skipting dagskrár og framleiðslukostnaðar





# Stórt og óhagkvæmt húsnæði

- RÚV hefur skoðað möguleika á að selja húsnæðið eða nýta það áfram og hefur borið saman fjölmarga valkosti, sem snúa að því að nýta húsnæðið áfram eða selja það og flytja annað.
- Hér eru nokkur atriði úr skýrslu RÚV um samantekt á húsnæðismálum sem lögð var fyrir stjórn í febrúar 2014.
  - **Húsnæðið í Efstaleiti er 16.400 fermetrar, en RÚV hefur skilgreint húsnæðisþörf sína um helming af því eða 5.300 - 8.800 fermetra.**
  - Áætlað er að hægt sé að selja Efstaleiti fyrir 4,2 milljarða króna. Sú fjárhæð jafngildir um 90% af vaxtaberandi skuldum RÚV.
- Stjórn RÚV ákvað að vera áfram í núverandi húsnæði, a.m.k. enn um sinn, og leigja út hluta þess.
  - Leigusamningur við Reykjavíkurborg nær til 2.750 fermetra og RÚV hefur því í eigin notkun 13.650 fermetra.
  - Leigutekjur eru um 60 m.kr. á ári. Samhliða er verið að ráðast í viðhald og breytingar húsnæðinu fyrir um 90 m.kr., sem er einskiptiskostnaður.
- Byggingaréttur og lóð seld
  - Lóðin í Efstaleiti var auglýst til sölu fyrr á árinu og var tilkynnt um sölu á byggingarrétti á lóð í október 2015 fyrir 1,5 ma.kr., sem mun ganga til lækkunar skulda. Kaupsamningurinn um byggingarréttinn er gerður með fyrirvara um frágang fjármögnunar kaupanna, nánari útfærslu á tilteknum þáttum í skipulagi svæðisins og að ráðstöfunarheimild Ríkisútvarpsins yfir lóðarréttindunum verði staðfest með ákvæði í fjáraukalögum fyrir árið 2015.

## Núverandi húsnæði í Efstaleiti:

- Alls 16.400 fermetrar.
- Fasteignagjöld 83 m.kr. á ári.
- RÚV áætlar markaðsverð um 4.200 m.kr. (=90% vaxtaberandi skulda).
- Útleiga til Reykjavíkurborgar 2.750 fermetrar. Leigu-samningur til 15 ára.

## Mat RÚV á húsnæðisþörf:

- 5.300 fermetra hús fyrir megin starfsemi ef húsnæðið væri hannað miðað við þarfir félagsins.
- Allt að 3.500 fyrir geymslur og stórt myndver.

# Dýrkeypt ákvörðun um dreifingarsamning

- Samningur var gerður við Vodafone í mars 2013 um dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis að undangengnu útboði.
- Samningurinn er til 15 ára og núvirt skuldbinding vegna samningsins nemur 4 milljörðum króna.
- Samningurinn fól í sér mikla fjárbindingu og kostnaðarauka í rekstri RÚV sem reyndist enn hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Krafa um 99,8% dreifingu kerfisins er langt umfram kröfu um dreifingu almannabjónustumiðla í öðrum dreifbýlum löndum eins og Noregi og Bretlandi.
- Samningurinn fólst í innleiðingu á starfrænni tækni sem býður ekki upp á gagnvirkni, ekki Internet og hvorki besta né ódýrasta lausn.
- Áætlað er að a.m.k. 90% landsmanna nái útsendingum sjónvarps í gegnum dreifikerfi annarra en RÚV, sem byggja á Internet tækni.
- **Þeir 4 milljarðar sem kerfið kostar hefðu getað nýst í ljósleiðaravæðingu landsins; flýtt fyrir henni og lagt grunn að dreifikerfi með Internetinu í stað lokaðs og ógagnvirks dreifikerfis.\***

Heimild: Ársskýrslur RÚV, NRK og BBC

## Slæm nýting fjármuna

- Krafa RÚV um dekkun var 99.8% íbúa í skilmálum útboðsins. Í Noregi var krafa um dekkun DVB kerfisins 95% og 98.5% í Bretlandi.
- DVB tæknin býður einungis upp á línulegar útsendingu.
- Í flestum nágrannaríkjum var DVB tækni innleidd mun fyrr en á Íslandi.

\*Í skýrslu starfshóps innanríkisráðherra „Ísland ljóstengt - Landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða“ frá mars 2015 er gerð tillaga um „samstarfsleið“ þar sem kostnaður ríkissjóðs við að ljúka ljósleiðaravæðingu landsins er áætlaður 3-4 milljarðar króna.

# Ósamræmi í kostnaðarupplýsingum um dreifingarsamninginn

- Ákvörðunin um nýjan dreifisamning var tekin árið 2013 þegar rekstur RÚV var og hafði verið mjög þungur.
  - Núvirtur kostnaður við samninginn 4 milljarðar króna.
  - Fjármagnað 100% af Vodafone og byggir samningurinn á verðtryggðum vöxtum til 15 ára.
- **Ósamræmi í umfjöllun um samninginn innan RÚV og tilkynninga sem RÚV sendi í Kauphöll um kostnað vegna samningsins:**

Úr tilkynningu RÚV til Kauphallar  
18. janúar 2013:

*„ Verði gerður samningur við Fjarskipti á grundvelli þessa tilboðs er gert ráð fyrir að það hafi ekki áhrif á heildarafkomu Ríkisútvarpsins ohf“*

Úr tilkynningu RÚV til Kauphallar  
27.mars 2013:

*„ Ríkisútvarpið og Fjarskipti undirrituðu í dag samning til 15 ára...áhrifin á rekstur félagsins verða jákvæð á tímabilinu“*

Úr fréttatilkynningu Vodafone  
27.mars 2013:

*„ Tekjur Vodafone vegna þjónustunnar verða um 4 milljarðar króna á tímabilinu.... Ætluð áhrif til hækkunar á EBITDA hjá Vodafone á ársgrundvelli nema um 3 - 5%.“*

Desember 2012

Júlí 2013

**91. Stjórnarfundur 19. desember 2012:**

*„ ...megi ætla að heildardreifkostnaður RÚV hækki um 70 m.kr. á ári frá því sem nú er“*

**101. Stjórnarfundur 20. júlí 2013:**


*„ Með tilkomu nýs stafræns dreifikerfis hækki dreifikerfiskostnaður RÚV um 100 m.kr.á ári... “*

*Raunverulegur greiddur kostnaður hækkaði verulega eins og sést á næstu síðu.....*

# Dreifingarkostnaður hefur aukist verulega

- Rekstrarárið 2013-14 var bæði greiddur og gjaldfærður kostnaður vegna dreifingar umtalsvert hærri en hann var árið 2011-12 þrátt fyrir að tilkynningu frá RÚV í mars 2013 um að nýr dreifingarsamningur hefði jákvæð áhrif á rekstur.
- **Ljóst er að samningurinn frá 2013 um nýtt dreifikerfi hefur reynst verulega íþyngjandi fyrir RÚV.**

## Kostnaður vegna dreifikerfis




Heimild: Fjármáladeild RÚV.

## Samsetning dreifingarkostnaðar:

- Samningurinn um stafræna dreifingu við Vodafone er til 15 ára.
- Hluti kostnaðar er eignfærður á samningstímanum og hluti gjaldfærður.
- Rekstrarárið 2012-2013 er fyrsta árið sem áhrifa samningsins gætir, en 2013-14 er fyrsta heila árið með dreifingarsamninginn.

# Kröfur RÚV gera ráð fyrir auknu opinberu framlagi

**Hagnaður (-tap) miðað við forsendur um hærra útvargsgjald en gert er ráð fyrir í fjárlögum, LSR lán hverfi úr efnahag og sölu byggingaréttar.**



**Hagnaður (-tap) miðað við óbreytt útgjöld án frekari aukningu opinberum framlögum og án þess að LSR lánið hverfi úr efnahag**



Heimild: Sviðsmýnd reiknuð af Fjármáladeild RÚV að beiðni nefndarinnar.

## Lykilforsendur í kröfum RÚV:

- Skilyrt aukafjárveiting árið 2015 skili sér til RÚV. = **182 m.kr.**
- Byggingaréttur á lóð hefur verið seldur fyrir að lágmarki 1.500 m.kr, sem gert er ráð fyrir að renni til RÚV að öllu leyti. Hluta lóðarinnar var haldið utan stofnefnahagsreiknings RÚV\*. RÚV þarf að fá heimild í fjárukalögum til þess að ráðstafa söluandvirðinu til lækkunar skulda.
- Ríkissjóður létti skuldabréfi í eigu LSR af RÚV = **3.200 m.kr.**
- Útvarpsgjald verði 17.800 kr. og renni óskipt til RÚV frá 2016 og hækki með verðlagi, en ekki 16.400 kr. eins og fjárlög gera nú ráð fyrir = áætlað **2.455 m.kr. samtals á 5 árum.**
- **Alls á 5 ára áætlunartíma eru þetta því tæplega 5,8 ma.kr. hækkun á opinberu framlagi.**
- Ljóst er að gangi þessar forsendur ekki eftir þarf að grípa til aðgerða sem bæta afkomuna verulega,

*\*Í sérfræðiskýrslu með stofnefnahagsreikningi RÚV ohf. frá nóvember 2006 er skilgreind stærð lóðarluta sem hægt er að byggja á 10.920 fermetrar. Þar af hélt ríkissjóður eftir 6.000 fermetrum eða 55%, sem metinn var á þeim tíma á 279 m.kr.*

# BREYTINGAR Í TÆKNI OG NEYTENDAHEGÐUN

---

# Hraðar breytingar í umhverfi RÚV

- **Fjölmiðlar um allan heim þurfa að bregðast við breyttu umhverfi. Internetið hefur gjörbreytt neyslumynstri sem og aðgengi almennings að upplýsingum, afþreyingu og umræðu.**
- Farsímar, tölvur og spjaldtölvur gegna æ meira hlutverki í upplýsingamiðlun. IPTV (sjónvarp um netið) er eitt helsta dreifkerfi sjónvarps enda mun sveigjanlegra en línuleg útsending hvort sem hún er stafræn eður ei.
- Yngri hópar eru enn líklegri til að nýta sér Internet miðlun og sýna rannsóknir að þessir hópar eru að minnka áhorf á hefðbundið sjónvarp talsvert.
- Nýir aðilar, s.s. símafyrirtæki, eru að styrkja stöðu sína á sjónvarpsmarkaði. Sem dæmi má nefna beinar útsendingar Símans á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og EM í knattspyrnu árið 2016.
- Í þessu breytta umhverfi er mikilvægt fyrir fjölmiðlaþjónustu í almannabágu að geta aðlagast breytingum í tækni og viðskiptaumhverfi.
- Frá og með 1. október 2015 varð Skjár 1 (Síminn) aftur í opinni línulegri dagskrá.
- Bæði Síminn og Vodafone bjóða viðskiptavinum sínum að leigja þætti og erlendar kvikmyndir í efnisveitu gegnum myndlykil. Þar er einnig mikið áhorf á efni frá RÚV.

Úr lögum 23/2013 um Ríkisútvarpið ohf.

II. KAFLI. Hlutverk og skyldur.

3. gr. Fjölmiðlaþjónusta í almannabágu.


*„Um fjölmiðlaþjónustu Ríkisútvarpsins í almannabágu gildir eftirfarandi:*

*1. Fjölmiðlaþjónusta Ríkisútvarpsins í almannabágu hefur það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.“*



# Ört minnkandi áhorf á hefðbundna sjónvarpsdagskrá, einkum meðal yngri hópa

- Gríðarleg breyting hefur orðið á framboði og dreifingu fjölmiðlaefnis á síðustu 10 árum. Hraði breytinganna hefur jafnframt aukist.
- **Á myndinni hér að neðan má sjá að heildaráhorf fólks á Íslandi á aldrinum 18-49 ára dróst saman á árunum 2009-2015 um tæp 36% í heild og var samdrátturinn í áhorfi á línulega dagskrá 47%.**



Heimild: Gallup og RÚV

## Sambærileg þróun um allan heim


- Tilvistargrunnur ríkisfjölmiðla breytist hratt með auknu framboði og aðgengi efnisveitna.
- Tæknin hefur mikil áhrif á áhorf og hlustun um allan heim, einkum hjá yngri hópum.
- Áhorf meðal ungs fólks í Bandaríkjunum hefur minnkað um 28% á aðeins 3 árum og mest á síðasta ári.
- Samkvæmt upplýsingum frá OffCom og SPOT er þróunin í Bretlandi og Hollandi svipuð. Innan við helmingur sjónvarpsáhorfs ungs fólks í báðum löndum er á línulegt sjónvarp.

Heimildir: Nielsen Data, OffCom og SPOT



# Samdráttur í hefðbundnu áhorfi á Íslandi eins og í öðrum löndum

## Áhorfstölur 12-80 ára (Meðaltal mínútna á dag)




\* Til og með 18. október 2015

## Áhorf á sjónvarp á Íslandi


- Tölurnar byggja á rafrænum mælingum Gallup.
- Mælingarnar ná til útsendinga innlendu sjónvarpsstöðvanna, en mæla ekki áhorf á erlendar stöðvar eða efnisveitur.
- Mælingarnar taka tillit til hliðraðrar dagskrár. Ef horft er eingöngu á línulega dagskrá er samdrátturinn mun meiri eða 38%.
- Samdráttur í áhorfi 2009 – 2015 var 28% og enn meiri í aldurshópnum 18-49 ára, eða 36%.**

# Áhorf á fréttir á Íslandi dregst saman

## Áhorf á fréttir (12-80 ára)



## Áhorf á fréttir (18-49 ára)




## Áhorf á fréttir í sjónvarpi

- Tölurnar byggja á rafrænum mælingum Gallup.
- Mælingarnar ná til útsendinga innlendu sjónvarpsstöðvanna.
- **Samdráttur í áhorfi á fréttir 2009 – 2015 var tæp 17% og enn meiri í aldurshópnum 18-49 ára, eða 32%.**
- Ljóst er að samdráttur er í áhorfi á fréttir, þótt sveiflur séu í áhorfi á einstakar stöðvar á milli mánaða.

# Stöðug hlustun á útlarp á Íslandi

## Hlustunartölur útlarps 12-80 ára (Meðaltal mínútna á dag)



\* Til og með 18. október 2015


Heimild: Gallup og RÚV

## Hlustun á útlarp á Íslandi

- Tölurnar byggja á mælingum Gallup.
- Heildarhlustun á útlarp hefur lækkað um 6% frá 2009-2015.
- Af einstökum útlarpsstöðvum hefur Bylgjan mesta hlustun, en stuttu á eftir kemur Rás 2.
- Rás 1 er í þriðja sæti með hlustun og eru hlustendur stöðvarinnar að jafnaði um helmingur af hlustendum Rásar 2 og Bylgjunnar.
- Hlustun á Rás 1 hefur aukist síðastliðið ár, en hlustun á Rás 2 hefur dregist saman.**

# Gjörbreytt neyslumynstur

Samkvæmt könnun MMR frá mars 2015 um áskrift að fjölmiðlum kemur fram að 18,4% eru með Netflix, sem er sama tala og áskrift af Morgunblaðinu, en mun hærra hlutfall en áskrift af Stöð 2 Sport.



Heimild: MMR

## Aðgengi að erlendum efnisveitum

- Áhorf á erlendar stöðvar hefur aukist með tilkomu Internetsins.
- Ætla má að þessi þróun haldi áfram.
- Sífelld erfiðara að ná því markmiði að "gera allt fyrir alla" í umhverfi þar sem hver og einn getur verið sinn eigin dagskrárstjóri.
- **Hætta á að hefðbundnar sjónvarpsstöðvar lendi í vítahring minnkandi áhorfs og tekna nema þær auki sérstöðu sína.**

# LAGAUMHVERFI OG EFTIRLIT

---

# Örar breytingar í lagalegri umgjörð um rekstur RÚV

2000

Þegar útlagslög nr. 53/2000 voru sett, mælti menntamálanefnd Alþingis fyrir því að endurskoða þyrfti lagaákvæði um og endurmeta hlutverk Ríkisútvarps í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað.

2005

Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. lagt fram á Alþingi í fyrsta sinn. Gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á rekstrarumhverfi og rekstrarformi Ríkisútvarpsins, afnámi afnotagjalda, breyttri stjórnun og aðskilnaði almannþjónustu og samkeppnisrekstrar. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

2006

Frumvarpið aftur lagt fram haustið 2006 og varð að lögum nr. 6/2007. Útlagsgjald kom í stað afnotagjalds. Skýrt kveðið á um að tekjur Ríkisútvarpsins ohf. af útlagsgjaldi tækju mið af því gjaldi sem raunverulega innheimtist.

2008

Menntamálanefnd lagði fram frumvarp til breytinga á 11. gr. laga nr. 6/2007 og lagði til að útlagsgjaldið rynni í ríkissjóð. Félagið fékk þar með ekki gjaldið eins og gert var ráð fyrir.

2013

Ný lög um Ríkisútvarpið samþykkt eftir umræðu í tvö ár á Alþingi og störf starfshópa skipaðra 2009 og 2010. Lögin mörkuðu tímamót þar sem lögbundið var að RÚV fengi til ráðstöfunar útlagsgjald í samræmi við innheimtu þess frá og með 1. janúar 2014. Félagið tæki að sér viðbótarverkefni sem skilgreind yrðu nánar í þjónustusamningi og svigrúm til tekjuöflunar var minnkað.

Lögunum breytt aðeins tveimur mánuðum eftir að þau voru samþykkt. Breytingarnar fólu í sér breytta skipan stjórnar félagsins.

Haustið 2013 var ákveðið með lagasetningu að draga til baka fyrri ákvörðun um að RÚV fengi útlagsgjaldið óskert auk þess sem framlag á fjárlögum færi stíglækkandi til ársins 2016. Á sama tíma var þrengt að RÚV á auglýsingamarkaði.

2014

Alþingi staðfesti lækkun útlagsgjalds í fjárlögum.

## Fjölmennt stjórn skipuð af Alþingi

Fyrir gildistöku laga 6/2007 þegar RÚV var breytt í ohf.:

- Fjölmennt pólitískt skipuð stjórn. Pólitísk átök við stjórnarborðið.
- Viðvarandi hallarekstur.

Frá 2007 til 2013:

- Í frumvarpi til laganna 2007 er fjallað um að útlagsráð verði lagt niður og þess í stað átti að skipa 5 manna faglega rekstrarstjórn.
- Í lögunum 6/2007 var því þó breytt þannig að stjórnin var kosin á Alþingi – 5 aðalmenn og 5 til vara.

Lög 23/2013:

- Í samþykkt laganna í maí 2013 var gert ráð fyrir 7 manna stjórn og 7 til vara.
- Ráðherra átti að skipa formann stjórnar og aðrir tilnefndir af valnefnd.

Með lögum 89/2013 sem samþykkt voru í júlí 2013 var þessu ákvæði breytt með eftirfarandi hætti:

- Stjórnarmönnum fjölgað í 9 og 9 til vara.
- Í stað tilnefningarnefndar kom þetta ákvæði: „Fyrir stjórnarkjör á aðalfundi skal Alþingi tilnefna, með hlutbundinni kosningu, níu menn og jafnmarga til vara sem kosnir skulu í stjórn“.
- **Kjör Alþingis á stjórn óvenjulegt og ekki í samræmi við val stjórnarmanna í almennum hlutafélögum eða öðrum ohf. félögum.**

# Forsendur fyrir ríkisframlagi

- Ríkisframlög til Ríkisútvarpsins þurfa að vera í samræmi við ríkisaðstoðarreglur EES samningsins.
  - **Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) fer með eftirlit með því hvort ríkisframlög sem veitt eru til Ríkisútvarpsins samræmist markmiðum EES-samningsins.**
- ESA hefur rannsakað Ríkisútvarpið um langt skeið og gefið út ákvarðanir sem leiddu til nýrrar löggjafar 6/2007 þar sem Ríkisútvarpið var aðskilið frá rekstri ríkisstofnana sem ohf. og svo aftur með lögum 23/2013 þar sem skerpa átti á hlutverki Ríkisútvarpsins.
- Lög 23/2013 áttu ennfremur að tryggja rekstrar- og kostnaðareftirlit með Ríkisútvarpinu ohf. sbr. ákvarðanir ESA frá 2011 og 2013.

Líkt og fram kemur í leiðbeiningarreglum ESA þá getur þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (*e. services of general economic interest*) verið undanþegin samkeppnisreglum EES-samningsins ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt sbr. 2. mgr. 59. gr. EES-samninginn:

*“The Court of Justice has clarified that in order for a measure to benefit from such a derogation [as set out in Article 59(2) of the EEA Agreement], it is necessary that all the following conditions be fulfilled:*

*(i) the service in question must be a service of general economic interest and clearly defined as such by the Member State (definition); [..]*

*(ii) the undertaking in question must be explicitly entrusted by the Member State with the provision of that service (entrustment); [..]*

*(iii) the application of the competition rules of the Treaty (in this case, the ban on state aid) must obstruct the performance of the particular tasks assigned to the undertaking and the exemption from such rules must not affect the development of trade to an extent that would be contrary to the interests of the Community (proportionality test). [..]”*

Heimild: ESA's guidelines on the application of state aid rules to public service broadcasting

# Lagaskylda um þjónustusamning

- Gerður var þjónustusamningur 24. maí 2011 samkvæmt lögum frá 2007 með gildistíma til 31. desember 2015.
- **Samkvæmt lögum 23/2013 skal endurskoða þjónustusamning ráðuneytis við stofnunina innan 6 mánaða eða áður en fjárlög fyrir 2014 væru sett. Nýr þjónustusamningur hefur ekki enn verið gerður.**
- ESA gerir kröfu um að þjónustukaup séu vel skilgreind áður en fjárveiting fer fram sbr. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.
- Fjölmiðlanefnd hefur ítrekað bent á að bæta þurfi úr þessu atriði og bent m.a. á hættu á endurgreiðslum vegna formgalla eins og dæmi eru um t.d. í Danmörku.
- Mikilvægt er að gerður verði nýr þjónustusamningur í samræmi við lög nr. 23/2013 og í honum verði skilgreind sú þjónusta sem RÚV ber að sinna og hvaða fjármagn eigi að koma fyrir þá þjónustu út samningstímann.
- Með nýjum þjónustusamningi gefst tækifæri til þess að ramma betur inn hlutverk, skyldur og forgangsröðun RÚV.

## Úr minnisblaði fjölmiðlanefndar 24. september 2013:

“...er afar brýnt að fjölmiðlanefnd geti sinnt lögbundnu eftirliti með Ríkisútvarpinu eins og kveðið er á um í nýjum lögum. Í þessu sambandi er vert að nefna mál TV2 í Danmörku sem kom upp í umræðunni í tengslum við skoðun ESA á RÚV þegar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. var til umfjöllunar á Alþingi veturinn 2006-2007. Framkvæmdastjórn ESB fyrirskipaði dönsku ríkissjónvarpsstöðinni TV2 að greiða til baka 84,4 milljónir Evra auk vaxta árið 2004. Ástæðan var sú að stöðin hafði fengið vexti og lán frá danska ríkinu, en það hafði verið ríkisábyrgð á lánunum. Þá var TV2 jafnframt undanþegið ýmsum sköttum ofl. Taldi framkvæmdastjórnin að slíkt skekkti samkeppni á markaði og samræmdist ekki reglum um ríkisstyrki. Það tók dönsk stjórnvöld mörg ár að koma í veg fyrir gjaldprot TV2 í Danmörku vegna þessa máls. Þannig varð ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar næstum því til þess að vinsælasta ríkissjónvarpsstöð Danmerkur var lögð niður.”



# Lögboðið eftirlit ekki virkt hjá mikilvægum aðilum

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti ber að gera þjónustusamning við RÚV og tryggja eftirfylgni með honum.
- Í lögum um RÚV er fjölmiðlanefnd falið víðtækt eftirlitshlutverk sem nefndin hefur ekki og getur ekki sinnt. Fjölmiðlanefnd telur nýjan þjónustusamning vera forsendu þess að unnt sé að hafa eftirlit með rekstri ríkisútvarpsins.
- **Takmarkað formlegt eftirlit er með rekstri RÚV af hálfu þeirra eftirlitsaðila sem lög um RÚV gera ráð fyrir:**
  - Fjölmiðlanefnd hefur ekki gert skýrslu sem kveðið er á um í 15. gr. laga 23/2013
  - Sú skýrsla á að vera gerð fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið með aðkomu ríkisendurskoðunar
  - Ríkisendurskoðun telur sig ekki geta metið rekstur Ríkisútvarpsins vegna skorts á kostnaðarforsendum.
- RÚV varð við ábendingum eftirlitsaðila um að breyta rekstrarári í almanaksár, sem tekur gildi í árslok 2015. Jafnframt hefur RÚV sett fram einfalda aðgreiningu á almannaþjónustu-hlutverki og samkeppnisrekstri í nýjasta birta uppgjöri sínu.

## Úr bréfi Ríkisendurskoðunar 30. maí 2014:

*“Að mati Ríkisendurskoðunar er það algjör forsenda fless að hægt sé að rækja það eftirlit sem lög um Ríkisútvarpið mæli fyrir um að ráðuneytið leggi fram gögn sem sýni með skilmerkilegum hætti fram á kostnaðarforsendur að baki ríkisframlagi vegna hvers liðar Almannaþjónustuhlutverksins sem Ríkisútvarpinu sé falið að sinna og að það framlag sé ekki hærra en ætla megi að það myndi kosta önnur fjölmiðlafyrirtæki að sinna því.”*

## Úr bréfi fjölmiðlanefndar 2. júní 2014:

*“Á meðan ekki er kveðið með skýrum hætti á um hið fjárhagslega eftirlit af hálfu nefndarinnar, verkefnið ekki útfært frekar og í gildi er þjónustusamningur sem felur í sér að fjárhagslega eftirlitið er í reynd í höndum Ríkisendurskoðunar telur nefndin sér ekki fært að meta hvort fjárreiður Ríkisútvarpsins séu með þeim hætti að fullnægt sé markmiði og áskilnaði hinnar leiðbeinandi reglna ESA.”*

# Margþætt hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytis

- RÚV er E-hluta stofnun og því er eftirlit með fjármálum og rekstri með öðrum hætti en hjá A-hluta stofnunum. Eftirlitið takmarkast við eftirlit með framkvæmd samnings við aðilann, m.t.t. greiðslu framlags sem ákveðið er í fjárlögum.
- **Þjónustusamningur við RÚV er undirstaða þess að ráðuneytið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart stofnuninni.**
- Almennt er eignafyrirsvar fyrirtækja ríkisins hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu til að skilja sem mest milli þeirra markmiða og skyldna sem ríkið hefur annars vegar sem faglegur og hæfur eigandi félags og hinsvegar því lögbundna hlutverki að sjá um reglusetningu og eftirlit með starfsháttum einstakra atvinnugreina og félaga.
- Slíkur aðskilnaður gildir ekki um eignarhald í RÚV þar sem mennta- og menningarmálaráðuneytið er í margþættu hlutverki. Ráðuneytið fer m.a. með fjölmiðlamál skv. forsetaúrskurði, er þjónustukaupandi af RÚV og í eignafyrirsvari. Heppilegra væri að fjármála- og efnahagsráðuneytið færi með eignarhlutinn í RÚV.

## Úr handbók um framkvæmd fjárlaga:

*„Reglugerðin tekur nánar til þess, þegar forstöðu-menn og stjórnir stofnana taka ákvarðanir um rekstur og nýtingu fjármuna samkvæmt heimild í fjárlögum. Af þessu leiðir að utan falla ýmsar sjálfseignarstofnanir, þar sem starfsemin er fjármögnuð af ríkissjóði að öllu eða verulegu leyti samkvæmt lögum eða samningi þar um, en rekstur þeirra er ríkissjóði óviðkomandi að öðru leyti. **Eftirlit ríkisins vegna þessara aðila takmarkast við eftirlit með framkvæmd samnings við aðilann, m.t.t. greiðslu framlags sem ákveðið er í fjárlögum.**“*

## 4. mgr. 2 gr. laga nr. 23/2013:

*„Ráðherra gerir samning við Ríkisútvarpið um fjölmiðlun í almannabágu til fjögurra ára í senn. Í samningi skal nánar kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar skv. 1. og 3. gr. Í honum skal einnig kveðið á um fjármögnun fjölmiðlunar í almannabágu á öllu samningstímabilinu.“*

# Eigendastefna ríkisins er rammi um stjórnun og samskiptaleiðir

- Eigendastefnu ríkisins er ætlað að marka ramma um meðferð á eignarhaldi félagsins og rekstur félaga í eigu ríkisins. Hlutafélög í eigu ríkisins skulu einnig fylgja lögum og reglum um hlutafélög. Stjórnir félaganna eru eins og stjórnir annarra hlutafélaga ábyrgar fyrir rekstri og starfsemi félagsins.
- Þar sem LSR lán er skráð í Kauphöll birtir RÚV fjárhagstilkynningar í Kauphöll þar sem tilkynnt er um mikilvæga þætti í fjárhag RÚV. Vegna Kauphallarákvæðis þarf RÚV að gæta vel að þeim reglum varðandi upplýsingagjöf til þriðja aðila, þ.m.t. eiganda síns.
- Í eigendastefnu ríkisins eru m.a. skilgreindar kröfur og viðmið sem ríkið gerir til starfsemi hlutafélaga í sinni eigu. Þar kemur m.a. fram að félög í eigu ríkisins eigi að kynna eiganda fyrirætlanir um meiriháttar fjárfestingar og meiriháttar lántökur.
- Á undanförunum árum hafa skuldir RÚV aukist, bæði í formi nýrrar lántöku og frestunar á afborgunum af LSR skuldabréfi. Ekki fundust gögn í málaskrá MMR um að slíkar upplýsingar hafi borist ráðuneytinu með formlegum hætti.
- **Mikilvægt er að stjórnvöld og félög í eigu ríkisins fylgi formlegum boðleiðum í samskiptum við eiganda sinn.**

## Úr eigendastefnu ríkisins

*Kröfur og viðmið um upplýsingagjöf og samskipti við eiganda eru:*

*„Félagið skal kynna eiganda fyrirætlanir um meiri háttar fjárfestingar og meiriháttar lántökur, ásamt aðgerðum sem fela í sér starfsemi á nýju sviði, stofnun nýrra félaga og skuldbindandi langtímasamninga sem ekki teljast eðlilegur hluti af daglegum rekstri félagsins.*

*Ef sérstök ástæða er til kynnir félagið annað sem á döfinni er og rétt þykir að eigandi sé upplýstur um þótt þau kalli ekki á ákvarðanir af hans hálfu.*

*Félagið skal árlega leggja fram langtímaáætlun um þróun, rekstur og afkomu.*

*Félagið skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi félagsins þar sem gerð er grein fyrir fjárhagslegri stöðu og árangri af almennri starfsemi.*

*Félagið skal a.m.k. tvisvar á ári birta eiganda fjárhagslegar upplýsingar sínar.“*

RÚV

---

# VIÐAUKAR

NOKKUR ÖNNUR LÖGBOÐIN ATRIÐI Í  
STARFSEMI RÚV

HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGUM

---

# Staða og háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði

- Lögin gera kröfu um gegnsæi og jafnræði auglýsenda.
- Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á að samkeppnislegur jöfnuður kunni að vera í hættu með núverandi skipulagi.
- Systurstofnanir í nágrannalöndunum eru ekki á auglýsingamarkaði svo heitið geti heldur eru þær að nær öllu leyti fjármagnaðar með opinberu fé. Þessar stofnanir voru hafðar til viðmiðunar þegar lög um Ríkisútvarpið ohf. voru sett.
- RÚV skilgreinir rekstur á samkeppnismarkaði þröngt; kostnaður við sölu auglýsinga er skilgreindur sem samkeppniskostnaður en þættir eru allir undanskildir bæði í útvarpi og í sjónvarpi.
- **Háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði hefur verið til umræðu lengi.**
  - Í umsögn Samkeppniseftirlitsins frá 2012 um frumvarp til laga um RÚV segir: *„Samkeppniseftirlitinu hafa reglulega borist ábendingar um að félagið viðhafi enn háttsemi sem sé skaðleg samkeppni og nánar er útskýrð í framangreindu álit. Hefur athygli mennta- og menningarmálaráðherra verið vakin á því. Nú síðast í janúar þessa árs bárust eftirlitinu ábendingar varðandi samkeppnishamlandi hegðun RÚV sem gefa vísbendingar um að RÚV veiti hærrí afslætti en hámarksafslátt samkvæmt opinberri verðskrá sinni og reglum um auglýsingabirtingar.“*
  - Nefndinni hafa borist upplýsingar sem benda til þess að sama háttsemi eigi sér enn stað. Stjórnendur RÚV telja slíkar upplýsingar séu ekki réttar.

**Úr umsögn Samkeppniseftirlitsins um drög að frumvarpi til laga um RÚV sem varða að lögum 23/2013:**

„Samkeppniseftirlitið telur að í þeim tilgangi að ná fullum samkeppnislegum jöfnuði verði RÚV að hverfa af auglýsingamarkaði og starfsemi þess verði þ.a.l. alfarið kostuð af opinberum fjárframlögum, sbr. álit eftirlitsins nr. 4/2008. Það er því ljóst að umrædd frumvarpsdrög ganga skemur en Samkeppniseftirlitið telur nauðsynlegt til þess að samkeppni verði jöfnuð á umræddum markaði.“

# Nánar af hlutverki og skyldum RÚV: Varðveisla eldra efnis og jafnréttismál

- Krafa um varðveislu eldra efnis.
  - Kostnaður safnadeildar er 70-75 m.kr. á ári.
  - Að auki hefur verið bent á að mikið af eldra efni liggja undir skemmdum og það þurfi að verja.
- **Krafa um að jafna hlut karla og kvenna.**
  - Jafnlaunaáætlun frá 2012 var ekki birt.
  - Jafnréttisáætlun fyrir 2011-2014 var ekki fylgt eftir.
  - Ný Jafnréttisáætlun var samþykkt í júní 2015 og á hún að gilda til 2018.
  - Þess skal þó getið nú er jafn hlutur karla og kvenna í framkvæmdastjórn, hlutfall kvenna í hópi millistjórnenda hefur fjölgað á síðastliðnu ári, mun meira jafnvægi er milli kynja í hópi umsjónarmanna og ýmis átaksverkefni eru í gangi til að jafna rétt og ásýnd kynjanna í starfsemi RÚV.
- Krafa um öryggisþjónustu eru í lögum um RÚV
  - Líklega tímabært að endurmeta þetta hlutverk.
  - Fjarskipti helsta upplýsingaleiðin; farsímar, internet.
  - Dagskrá RÚV getur raskast verulega komi til verkfalla.

## Úr II kafla laga 23/2013 – hlutverk og skyldur:

3. gr. Fjölmiðlaþjónusta í almannapágu:

6. tl: „Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna.“

7.2. tl: „Veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttá- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar“

7.6. tl: „Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.“

# Nánar af hlutverki og skyldum RÚV: Ferlar og verklag

- Verklag og ferlar til að fylgja eftir lögboðnum skyldum.
- Stjórnendur RÚV telja þörf á að bæta ferla og verklag á flestum sviðum.
- Unnið er að því að bæta ferla og verklag á fjölmörgum stöðum í starfseminni.
- Ekki er ljóst hvernig gæðastjórnun tryggir í dag að lögum um RÚV sé framfylgt eða þeim reglum sem RÚV hefur sjálf sett sér.
- Þó skal bent á að RÚV hefur komið á ferli varðandi kvartanir.
- Í 13. gr. laganna segir:  
*„Innra eftirlit og gæðamál: Ríkisútvarpið birtir reglur um innra eftirlit og gæðamál, þ.m.t. meðferð athugasemda og kvartana.“*
  - Til eru reglur um meðferð athugasemda, ábendinga og kvartana.
  - Ekki er að finna ferla til að tryggja að innra eftirlit sé virkt eða gæðamálum sé framfylgt\*.
  - Vinna stendur nú yfir hjá RÚV í greiningu, skráningu og gerð ferla.
  - **Samkvæmt stjórnendum RÚV er markmiðið að búið sé að endurskoða alla ferla fyrir árslok 2016.**
  - Ljóst er að úrbóta er þörf á þessu sviði.

- Í 7. tl. 3. gr. laga 23/2013 er fjallað um hlutlægni og takmarkanir á efnistöfum fréttu.
- Engar slíkar sérstakar takmarkanir eru um aðra fjölmiðla.
- Stefna RÚV er frá 2012 og átti að endurskoða hana árið 2014. Árið 2014 voru sett fram 5 leiðarljós sem unnið er eftir og fyrirhugað er að fara í stefnumótunavinnu fyrir árslok 2015.
- Til eru reglur um fréttir frá júní 2013 en nýjar reglur hafa ekki verið settar.

\* Minnisblað RUV frá 15. 6. 2015



# Yfirlit úr rekstrarreikningi RÚV á föstu verðlagi 2015

Helstu tölur úr rekstri RÚV 2007-2015 á verðlagi í lok reikningsárs í ágúst 2015									
m.kr.	2007-08	2008-09	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	2014-15	2015-16 Á
<b>Tekjur</b>									útvarpsgjald 16.400
Ríkisframlag	3.972	4.246	3.874	3.466	3.396	3.304	3.390	3.575	3.495
Auglýsingatekjur	1.885	1.553	1.793	1.969	2.213	2.075	1.884	1.840	1.902
Aðrar tekjur	221	219	258	220	195	207	243	227	236
<b>Tekjur alls</b>	<b>6.078</b>	<b>6.018</b>	<b>5.924</b>	<b>5.655</b>	<b>5.804</b>	<b>5.586</b>	<b>5.517</b>	<b>5.642</b>	<b>5.633</b>
<i>Breyting ríkisframlags á milli ára</i>		7%	-9%	-11%	-2%	-3%	3%	5%	-2%
<i>Breyting ríkisframlags frá 2007-8</i>		7%	-2%	-13%	-14%	-17%	-15%	-10%	-12%
<i>Breyting heildartekna á milli ára</i>		-1%	-2%	-5%	3%	-4%	-1%	2%	0%
<i>Breyting heildartekna frá 2007-8</i>		-1%	-3%	-7%	-5%	-8%	-9%	-7%	-7%
<b>Gjöld</b>									
Dagskrár- og framleiðslukostnaður	4.293	3.777	4.051	3.979	4.328	3.949	4.014	3.818	4.031
Dreifi- og sölukostnaður	766	552	500	487	508	476	533	624	692
Sameiginlegur rekstur og stjórnun	764	621	571	562	596	559	660	548	587
Afskriftir	355	284	222	201	194	241	324	292	300
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>6.178</b>	<b>5.234</b>	<b>5.344</b>	<b>5.229</b>	<b>5.627</b>	<b>5.226</b>	<b>5.532</b>	<b>5.282</b>	<b>5.610</b>
<i>Breyting á milli ára</i>		-15%	2%	-2%	8%	-7%	6%	-5%	6%
<i>Breyting frá 2007-8</i>		-15%	-14%	-15%	-9%	-15%	-10%	-15%	-9%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>-100</b>	<b>784</b>	<b>581</b>	<b>427</b>	<b>178</b>	<b>360</b>	<b>-14</b>	<b>360</b>	<b>23</b>
<b>EBITDA</b>	<b>256</b>	<b>1.068</b>	<b>802</b>	<b>628</b>	<b>372</b>	<b>602</b>	<b>310</b>	<b>652</b>	<b>323</b>
<i>meðaltal síðustu 3ja ára</i>			709	833	601	534	428	521	428
Fjármagnsliðir	-762	-946	-229	-356	-255	-343	-325	-322	-77
Skattar	94	47	-53	-4	6	0	68	-9	
<b>Hagnaður/-tap</b>	<b>-768</b>	<b>-115</b>	<b>299</b>	<b>67</b>	<b>-71</b>	<b>17</b>	<b>-271</b>	<b>30</b>	<b>-54</b>

Rekstrarár RÚV skv. ársreikningum hefur verið 1. september – 31. ágúst ár hvert og byggja upplýsingarnar að ofan á þeim reikningum. RÚV hefur nú breytt uppgjörssárinu og mun miða við almanaksár í framtíðinni. Fyrsta endurskoðaða uppgjör miðað við almanaksár verður fyrir árið 2015.

# Yfirlit yfir efnahagsreikninga RÚV á verðlagi hvers árs

Efnahagsreikningar 2007-2015										
m.kr. (31.08 ár hvert)	2007 Stofn	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<b>Fastafjármunir</b>										
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.406	4.331	4.155	4.046	3.990	4.109	4.340	4.532	4.519	4.566
Óefnislegar eignir			44	36	121	123	134	175	204	173
Samningsbundinn sýningarréttur									647	631
Reiknuð tekjuskattsinnæign			94	141	88	84	89	89	157	148
Aðrar eignir								160	329	364
	4.406	4.331	4.294	4.223	4.199	4.316	4.563	4.956	5.856	5.882
<b>Veltufjármunir</b>										
Birgðir			40	48	47	47	42	45	40	38
Keypt réttindi og eigin framleiðsla	552	484	620	639	673	656	652	948	756	789
Viðskiptakröfur	327	330	396	270	251	261	251	262	240	277
Aðrar skammtímakröfur	26	61	65	86	69	57	58	47	70	46
Eignir haldið til sölu					2					
Markaðsbréf					200	207				
Handbært fé	547	972	184	262	65	16	5	15	6	7
	1.452	1.847	1.305	1.304	1.307	1.244	1.008	1.316	1.112	1.157
<b>Eignir</b>	<b>5.857</b>	<b>6.178</b>	<b>5.599</b>	<b>5.527</b>	<b>5.506</b>	<b>5.560</b>	<b>5.571</b>	<b>6.272</b>	<b>6.968</b>	<b>7.040</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>										
<b>Eigið fé</b>										
Hlutfé	840	840	840	840	840	840	840	840	840	840
Yfirverðsreikningur hlutfjár	39	39	39	828	265	265	265	265	265	265
Ójafnað tap		-108	-887	-1.153	-384	-368	-454	-452	-723	-693
Eigið fé	879	770	-9	515	721	737	651	653	382	412
<i>Eiginfjárhlutfall</i>	<i>15,0%</i>	<i>12,5%</i>	<i>-0,2%</i>	<i>9,3%</i>	<i>13,1%</i>	<i>13,3%</i>	<i>11,7%</i>	<i>10,4%</i>	<i>5,5%</i>	<i>5,9%</i>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>										
Langtímaskuldir	3.199	3.755	4.082	3.635	3.452	3.302	3.167	3.389	4.111	4.466
Aðrar fjárskuldir	586								426	335
Skuldbindingar								16		
	3.785	3.755	4.082	3.635	3.452	3.301	3.167	3.405	4.537	4.801
<b>Skammtímaskuldir</b>										
Viðskiptaskuldir	677	564	709	616	661	641	631	790	784	789
Skuldir við lánastofnanir							155	431	326	335
Næsta árs afborganir langtímaskulda	209	214	253	302	303	320	380	425	381	181
Skuldbindingar								49	16	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld						461	480	432	420	408
Aðrar skammtímaskuldir	307	874	561	459	370	101	108	87	122	114
	1.194	1.652	1.523	1.376	1.334	1.522	1.753	2.214	2.049	1.826
Skuldir alls 31.08 ár hvert, á verðlagi hvers árs	4.979	5.407	5.607	5.012	4.786	4.824	4.920	5.619	6.586	6.627
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>5.857</b>	<b>6.178</b>	<b>5.599</b>	<b>5.527</b>	<b>5.506</b>	<b>5.560</b>	<b>5.571</b>	<b>6.272</b>	<b>6.968</b>	<b>7.040</b>